

28 um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf fyrir yfirullarmatsmenn frá 25. febrúar 1916.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

29
1. apríl

ERINDISBRÉF

fyrir ullarmatsformann.

1. gr.

Ullarmatsformaður, sem einnig er yfirullarmatsmaður í einum landsfjórðungi, skal hafa sem fullkonnasta sérþekkingu á öllu því, sem að ullarverkun, ullarmati og ullariðnaði lýtur, og skal hann vera ráðunautur landsstjórnarinnar í öllum málum þar að lútandi.

Hann skal af fremsta megni gera sér far um, að fylgjast með, og kynna sér breytingar þær, sem erlendir kaupendur, umboðsmenn þeirra hér á landi eða íslenskir útflytjendur, gera kröfu til, að framkvæmdar verði á ullarverkun og ullarmati.

2. gr.

Ullarmatsformanni skal skylt, að veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum, nauðsynlega fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar á hverjum tíma.

Fræðsla þessi skal látin í té með munnlegum viðræðum, greinum í viðlesnum blöðum, og útvarpserindum, og ber honum að tilkynna öllum yfirullarmatsmönnum allar fyrirhugaðar breytingar á ullarmati, eða öðru sem að starfi þeirra lýtur, áður en þær eiga að koma til framkvæmda.

3. gr.

Ullarmatsformaður skal í samráði við atvinnumálaráðuneytið, boða yfirullarmatsmenn og eftir atvikum ullarmatsmenn til sameiginlegra funda, er þurfa þykir.

Einnig getur ullarmatsformaður í samráði við atvinnumálaráðuneytið fyrirskipað umdæmaskipti yfirullarmatsmanna, ef slík ráðstöfun er að hans áliti heppileg.

4. gr.

Yfirullarmatsmenn og ullarmatsmenn skulu hegða sér eftir fyrirmælum ullarmatsformanns í öllu því, er að störfum þeirra lýtur, ef um breytingar er að ræða frá gildandi reglum.

29

1. apríl

5. gr.

Rísi ágreiningur milli hlutaðeigandi yfirullarmatsmanns og útflytjanda eða eiganda ullarinnar, um mat á ullinni og annað þar að lútandi, má leita úrskurðar ullarmatsformanns, og er hans úrskurður bindandi fyrir báða aðilja.

6. gr.

Ullarmatsformanni er skylt að ferðast um landið eftir því sem nauðsyn krefur, bæði til eftirlits og til leiðbeininga.

7. gr.

Ullarmatsformaður er launaður úr ríkissjóði, samkvæmt lögum 107, 11. ágúst 1933. Honum er óheimilt að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða útflytjendum ullarinnar, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningsskipunum.

8. gr.

Ullarmatsformaður má ekki vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, né heldur má hann kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfan sig eða aðra.

9. gr.

Að afloknum starfstíma sínum ár hvert, skal ullarmatsformaður senda atvinnuáráðuneytinu skýrslur, sem hann hefir fengið frá yfirullarmatsmönnum og láta fylgja yfirlitsskýrslu frá sjálfum sér, yfir ullarmatið, og skýrslu um störf sín.

10. gr.

Ullarmatsformaður ritar undir drengskaparheit um, að hann vilji hlýða erindisbréfi þessu, og með alúð og samvirkusemi rækja skyldur þær, sem á honum hvíla í stöðu þessari.

Honum er skylt að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfinu.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.